

SANDKÖRN

20. DEZEMBER 2006





Ritstjórapistill

Jæja nú er Jólblaðið komið út og það er alveg eðal í ár.

Við erum búin að vera OFSALEGA dugleg við að vinna í þessu blaði, dag sem dimma nátt. Við vorum farin að hugsa svo mikið að það var farið að finnast brunalykt. Jaa belive it or not.

10. bekkur

Andri Þór Ólafsson

Astrós Eva Gunnarsdóttir

Bergur Theodórsson

Eva Dís Ottosen

Helga Kristína Flýnsdóttir

Hjördís Ósk Hjartardóttir

Rakel Rós Fvarsdóttir

Vigdís Karen Hafþórsdóttir

9. bekkur

Aron Elís Arnason


Arni Steinar Andrésson


Hreiðar Ingi Bjarnason

Viktória Marie Ólafíudóttir

Við vonum bara að þið eigið eftir að njóta lestursins og hafa gaman af

Takk fyrir okkur ☺





Stjörnuþpá



Vatnsberinn (20.jan - 18.feb)

Ef einhver af gagnstæðu kyni kemur til þín og biður um róluna, láttu hann/hana þá fá hana. Þetta gæti verið stóra ástin í lífinu þínu.



Ljónið (23.júli - 22.ágúst)

Ekki kyssa jólasveininn, hann gæti verið með frunsu.



Meyjan (23.ágúst - 22.sept)

Vertu var um þig á aðfangadag. Mjög líklegt er að þegar þú ert að bera jólaölið á borð að þú munir missa það beint á stóru tána og þurfa að heimsækja heilsugæsluna.



Vogin (23.sept - 23.okt)

Ekki leika þér við tjörmina í kvöld. Þú munt detta ofan í hana.



Sporðdreki (24.okt - 21.nóv)

Varúð: Vinur þinn mun lána þér heyrnatólin af I-podnum sínum. Þrifðu þau áður en þú stingur þeim í eyrun.



Fiskarnir (19.feb - 20.mars)

Þú munt festa á þér puttann í einhverju í kvöld. Ekki kaupa þér kók í gleri.



Krabbinn (22.júni - 22.júli)

Stjörnu þinni er ráðlagt að huga betur að heilsunni. Þú skalt aldrei byrja að reykja.



Tvíburarnir (21.mai - 21.júni)

Þetta mun verða skemmtilegasta kvöld lífs þíns. Einhver mun gefa þér bland í poka. Hættölur eru 1, 2, 3, 4, og 5



Bogamaður (22.nóv - 21.des)

Rödd þín hljómar hér tjáningarrík um þessar mundir og þú mættir án efa nýta þann eiginleika betur þegar mannleg samskipti eru annars vegar. Taktu lagið á jólaskemmtuninni.



Steingeit (22.des - 19.jan)

Óvænt ánægja. Árni Johnsen sendir þér geit úr stein til að skreyta í herberginu þínu.




Hrúturinn (21.mars - 19.apríl)

Reyndu að forðast rifrildi. Þú gætir þurft að skrifa jólakortin í refsingarskyni.



Nautið (20.apríl - 20.mai)

Ef þú heldu rétt á spilunum gæti þér tekist að stinga undan leppalúða.



VIÐTAL VIÐ MERKAN MANN

Við hérna hjá fréttastofu Sandkorns rákumst um daginn á merkan mann og ákváðum að taka létt spjall við kappann.

Blaðamaður: Eigum við ekki að byrja á að kynna yður.

Sverrir: Já Sverrir Rúts(RÚST!) Sverrisson heiti ég.

Blaðamaður: Hvað er svo að fréttastofa af Sverri?

Sverrir: Ég er bara nettur á pönnunni sko..

Blaðamaður: En hvernig er annars að vera Sverrir?, Færðu einhvern frið fyrir kvenfólkinu?

Sverrir: Það er best að vera ég, Enda sætastur og nei fæ aldrei frið fyrir kvenþjóðinni

Blaðamaður: En á Sverrir tölvu?

Sverrir: Jahhh voða lítið þessa dagana, bara 4

Blaðamaður: Hvort sefurðu eiginlega með Bangsa eða Tölvu?

Sverrir: Með tölvunum marr, förum alltaf í 5some yeee:P

Blaðamaður: Hvernig sefuru?

Sverrir: Mér finnst mjög gott að sofa á gólfinu, helv*** Frískandi sko..

Blaðamaður: á Sverrir sér ekki einhvern draumaprins?

Sverrir: Jú Davíð Hasselhoff er nettur á því..

Blaðamaður: En Draumaprinsessu?

Sverrir: Jáááá MEDION EXTREAM 3000 Tölvun.. Hún er suddaleg!!!

Blaðamaður: Okey.. þú ert greinilega tölvunörði, hefuru einhverntímann kysst stelpu?

Sverrir: Jáá á Ircinu og MSN!!!

Blaðamaður: okeee.. Hefuru einhverntímann átt sjens í ALVÖRU stelpu?

Sverrir: Jáá hún heitir johanna29@hotmail.com

Blaðamaður: Hvar Býrðu núna?

Sverrir: Hjá Mömmu og pabba í sama herbergi og þegar ég var 8 ára

Blaðamaður: Og þú ert hvað gamall?

Sverrir: Uhhhhh tuttugu og fimm vetra..

Blaðamaður: Right... Sjáumst bara!




Vissir þú að...

*Sverrir er að framleiða teiknimyndaseríu sem mun bera heitið Hugly Bears?

Afmælisbörn mánaðarins

2. MS	3. HS	4. HPV	5. GF	6. UGK
Rakel Rós 27 des	William Weimer 24 des Anna Karen 2 des	Petra Wium 2 des Rebekka 10 des Bryndís Bridget 23 des	Anna Margrét 3 des Víðir 28 des	Margrét Rósa 14. des
7. BJS	7. LG	8. ÞG	9. AKF	LÍFSLEIKNI
Sigurbjörg Júlía 25 des.	Björg Kara 12 des Helene Rún 19 des <i>W R O</i>	Halldóra K. 1 des Hlööver 22 des <i>O unny</i>	Agnes 28 des Elín 28 des	Ólafur D. 9 des Trausti Ó. 17 des
10. ÞBT				
Sigríður Róberta 19 des				

Naflaskoðun!!!!



Nafn; Grétar Karlsson

Aldur; 10. ára

Afmælisdagur; 22. apríl

Stjörnumerki; Naut

Hljómsveit; Metallica

Áttu síma; Já

Áttu msn; Já

Besti vinur; Garðar Þór

Uppáhalds Kennari; Bylgja
náttúrufræði kennari.

Fag; Tölvutími

Íþrótt; Fótbolti



Lið; Arsenal ☺


Leikmaður; Alexander Hleb

Eitthvað að lokum; Stay
cool ;)




Grettukeppni starfsfólks skólans






Sigurvegarrinn var.....



Hvað veistu um vin þinn?

Blaðamenn Sandkorns fóru um daginn og tóku viðtal við tvær vinkonur. Blaðamenn spurðu þær Sunnevu og Aldísi hvað þær vissu um hvor aðra.



Aldís um Sunnevu.!

Fullt nafn: Sunneva Ósk Póroddsdóttir.

Afmæli: 21 Febrúar.

Augu: Blá

Hvað á hún mörg systkini: 1

Uppáhalds: ...

Litur: Rauður og bleikur.

Lið: Liverpool.

Fag: Íslenska

Áhugamál: Föndra.

Í hvernig sokkum er hún : Rauðum

E-ð að lokum: Hún er skemmtilegasta vinkona sem hægt er að eiga.

Sunneva um sjálfa sig !

Fullt nafn: Sunneva Ósk Póroddsdóttir

Afmæli: 21 Febrúar.

Augu: Blá

Hvað áttu mörg systkini: 1

Uppáhalds: ...

Litur: Rauður og bleikur.

Lið: Liverpool.

Fag: Íslenska.

Áhugamál: Vera í skólanum og sundæfingu.

Í hvernig sokkum ertu í: Hvítum og bláum.

7. rétt

Sunneva um Aldísi.!

Fullt nafn: Aldís vala Hafsteinsdóttir

Afmæli: 11 ágúst

Augu: Brún.

Hvað á hún mörg systkini: 1

Uppáhalds:

Litur: Svartur og fjólublár.

Lið: er ekki viss.

Fag: Íslenska.

Áhugamál: vera úti og leika sér með bangsa.

Í hvernig sokkum er hún í: Bleikum.

E-ð að lokum: Hún er skemmtileg og ég mun aldrei hætta vera vinkona hennar.

Aldís um sjálfa sig.!

Fullt nafn: Aldís Vala Hafsteinsdóttir.

Afmæli: 11 ágúst.

Augu: Brún.

Hvað áttu mörg systkini: 1.

Uppáhalds:

Litur: Fjólublár og svartur.

Lið: Liverpool.

Fag: Íslenska.

Áhugamál: Dúkkur.

Í hvernig sokkum ertu í: Bleikum.

7. rétt

Tvær með öllu

Fullt nafn: Þórunn Björk Tryggvadóttir.

Gælunafn: Tóta.

Hjúskaparstaða: Gift.

Upprunalegur hárlitur: Brúnn.

Fyrsti kossinn: 13 ára.

Hvernig líður þér best: Slappa af og horfa á sjónvarpið.

Hefur þú farið í ljós: Já.

Uppáhalds Bekkur: 10.P.B.T.

Hvernig finnst þér að unglingar séu að byrjaðir stunda kynlíf svona snemma: Því seinna, því færri, því betri.

Eitthvað að lokum: Takk fyrir bolludaginn.



Fullt nafn: Ragnhildur L. Guðmundsdóttir.

Gælunafn: Ragga.

Hjúskarpastaða: Gift.

Upprunalegur hárlitur: Músagrátt.

Fyrsti kossinn: í 9 bekk.


Hvernig líður þér best: Þegar ég sit ein heima í friði í tölvunni á nóttinni.


Hefur þú farið í ljós: Nei aldrei

Uppáhalds bekkur: Allir.

Hvernig finnst þér að unglingar séu byrjaðir að stunda kynlíf svona snemma: Alltof ungt.

Eitthvað að lokum: Gleðileg Jól.





Deildarstjóri í heilaskoðun.....

Nafn: Elín Yngvadóttir.

Hva segir Hún? Roooosalega gott.

Nýtur þess að kenna? Já annars færi ég að leita mér að annarri vinnu.



Uppáhalds Bekkur? Allir bekkir eru góðir þegar vel gengur☺

Hva ertu búin að kenna lengi? Þetta er áttunda árið.

Einhver annar kennari í upphaldi? Get ekki gert uppá milli þessa frábæra fólks sem ég vinn með.

Uppáhalds fag að kenna? Stærðfræðin.

Hlakkaru til að fara í jólafrí? Já ég hlakka svo mikið til jólanna.

Könnun í skólanum


Nemendur skólans kusu um það fyrir nokkru...

Að kennari ársins væri...Einar Sveinn sem vann þessa kosningu einnig á meðal eldri nemenda í Sandkassanum í Nóvemberblaðinu..

Að upphalds skólaliðinn væri... Hervör S. Þorkelsdóttir (Hera beibi)

Að stuðningsfulltrúi ársins væri....Erla Jóna Hilmarsdóttir

Og að lokum kusu nemendur upphalds jólasveininn sinn og vann þar Kertasníkir með miklum yfirburðum☺



Hvað veist þú um vin þinn?

Blaðamenn Sandkorns fóru um daginn og tóku viðtal við þær stöllur Ástrósu Lind og Kolbrúnu Sunnu, í 10. bekk.

Það sem Kolbrún veit/segir um Ástrósu ::

Hvað heitir hún fullu nafni ? Ástrós Lind Þórðardóttir

Hvenær á hún afmæli ? 12 nóvember

Uppáhaldsmatur hennar ? MacDonalds

Draumaprins hennar ? Nökkvi HEHE

Hjúskaparstaða hennar ? Lausu

Hvernig myndirú lýsa henni ? Frek, sæt, skrítn & algjör kjánalingur

Uppáhalds hljómsveit hennar ? Bubbi/egó

Einhver gælunöfn ? Joe Dirt

Einhver lokarorð ? Elska þig kjáni ;*

Það sem Ástrós segir um sjalfa sig ::

Hvað heitirú á fullu nafni ? Ástrós Lind Þórðardóttir

Hvenar áttu afmæli ? 12 nóvember

Uppáhaldsmaturinn þinn ? MacDonalds

Drumaprins þinn ? enginn ☺

Hjúskaparstaða þín ? Lausu

Uppáhalds hljómsveit þín ? Bubbi

Einhver gælunöfn ? Joe Dirt

6. rétt

Það sem Ástrós veit/segir um Kolbrúnu ::

Hvað heitir hún fullu nafni ? Kolbrún Sunna Eiðsdóttir

Hvenær á hún afmæli ? 25 október

Uppáhaldsmatur hennar ? Jólaturinn

Draumaprins hennar ? Ómar !

Hjúskaparstaða hennar ? Föstu

Hvernig myndirú lýsa henni ? Hlær mikið, skemmtileg & sæt

Uppáhalds hljómsveit hennar ? AC/DC. eða var það alla-vegana einu sinni

Einhver gælunöfn ? Kolla safe & Guffi

Einhver lokarorð ? neinei ..

Það sem Kolbrún segir um sjalfa sig ::

Hvað heitirú á fullu nafni ? Kolbrún Sunna Eiðsdóttir

Hvenar áttu afmæli ? 25 októberk

Uppáhaldsmaturinn þinn ? Jólaturinn

Drumaprins þinn ? Ómar bara ☺

Hjúskaparstaða þín ? Föstu <3


Uppáhalds hljómsveit þín ? engin sérstök

Einhver gælunöfn ? Guffi. Kolla Safe. Kolla

6. rétt

Ljóða- og smásagnakeppnin 2006

Hérna er að finna nokkur ljóð og sögur sem bárust í keppnina sem var haldin í tengslum við dag íslenskrar tungu.



Systurnar tvær

Einu sinni voru tvær systur sem voru mjög góðar. Ein systirin hét Rún og hin Klara. Systurnar ætluðu að fara í húsdýragarðinn. Þær fóru út um að allt að skoða dýrin. Þær tíndu mömmu og pabba og mamma og pabbi fóru úr húsdýragarðinum og systurnar tíndust. En þær föttuðu það ekki þannig að þær héldu áfram að skoða dýrin og síðan voru þær með pening og þær keyptu ís og þegar þær voru búnar með ísinn þá fóru þær út úr húsdýragarðinum og fóru heim af því að þær áttu heima hliðina á húsdýragarðinum og þær fóru heim. Endir.

Rebekka 4. HPV.

Nornin frá Narníu

Það fallegasta sem ég hef séð, sem enginn annar sér.
Konu sem réð. Réð yfir mér og þér.



Hún var rosalega vond.
Hún var norn.
En ekki eins og James Bond.
Ef ég er gömul er hún forn.

En nú er hún dauð.
Nú er hún grafin og farin.
Allt er farið líka það vonða sem hún bauð.

Var hún barin og nú marin?



Bókarim

Höfundur:
Margrét Rósa b.ú.ó.

Bókanna

Bókabús

Bókahús

Bókahús


Lestrarhestur


Lestrarprestur

Lestrarhlíð

Lestrarhlíð

Lestrarhlíð





Sunneva Ósk
4. H.P.V.

Tungan:



Íslenska tungan
íslenska tungan
sem er í mínum munni og
ég fann með
henni og
hún er
íslensk
tunga
frá
Sandgerði
og ég
á
hana ein.

Sunneva Ósk 4. H.P.V.

Maurinn og veturinn

Það var einu sinni maur sem var frosinn staur.
Svo kom prestur sem sýndist vera alger gaur.
Maurinn bað um hjálp frá þessum prest.
En presturinn sagðist vera að missa af lest.
Svo sá maurinn stóran hest.
Sem sagðist vera með vondu ælupest.
Maurinn hélt að þessu væri lokið.
Það var rímkill vindur og staurinn hefði fokið.
Maurinn sá skríttinn hund og hló með litlu flissi.
Og hundurinn bræddi ísinn með dálitlu pissi.
Hundurinn spurði manninn hvort hann vildi koma á vað.
En maurinn sagðist þurfa að fara í bað.

Helgi Marteinn, 8. K.J.J






Þú ert þú
Ég er ég
Hver er sæt
þú eða ég?

Snjórinn kemur
sólin fer.
Allir krakkar
fara í snjókast

Forsíðusamkeppni Sandkorns

Sandkorn þakkar öllum þeim sem sendu inn myndir í forsíðukeppni Sandkorns. Hér fyrir neðan eru birtar nokkrar myndir sem þóttu bera af í keppninni. Birta Rós úr 5. G.F. vann keppnina og er myndin hennar á forsíðu blaðsins





Þó líði ár og öld.....

Blaðamenn Sandkorns voru að skoða nokkur gömul blöð og fundum þar blað frá árinu 1970. Þegar betur var að gáð, var ljóð eftir Pétur Brynjarsson skólustjóra. Blaðamenn gátu ekki annað en að skella ljóðinu inní blaðið hérna fyrir neðan. Góða skemmtun.

Atómljóð


Kvörtun

Skömm er að sjá
slökkviliðið
skröltast um götur hér.
Það ætti að kaupa
slökkvibíl,
og bæta haginn hér.
Svo eru þeir með handsnúin
slökkvitaki,
drasl frá átjándu öld.
Þetta þarf að lagfæra,
gera ný fang.

Pétur Brynjarsson, 5. bekk.




VISA.
hér er viður,
hér er viður,
hér er viður,
hér er viður,
Ljóð eftir Pétur Brynjars í 5. bekk



Jólaþrautir

Hjálpaðu vitringunum
þrem í skólann.



Hjálpaðu Sveinka að finna Rúdolf

